

Þýðingar

Last Modified on 18/06/2026 3:02 pm BST

Í Noona HQ er hægt að þýða alla texta sem birtast inn í Noona HQ, á Noona markaðstorginu og í tölvupósti og SMS-samskiptum við viðskiptavini. Þýðingar birtast síðan út frá stillingum notenda.

Þetta tryggir hnökralausa upplifun á markaðstorginu, í Noona HQ og í öllum samskiptum við viðskiptavini.

🔍 Hvar stilla notendur tungumálið?

Noona HQ notendur

Starfsfólk getur valið á hvaða tungumáli þau vilja stilla sinn aðgang. Það er gert með því að fara undir **valmynd - stillingar - almennt**.

Noona notendur

Viðskiptavinir þínir geta sömuleiðis stillt tungumálið eftir sínum þörfum. Inn á noona.is er það gert efst uppi í hægra horninu og í Noona appinu er smellt á persónuna uppi í hægra horninu og smellt á hnöttinn neðst niðri á skjánum.



🔍 Hægt er að velja sjálfvalið tungumál fyrir útsendar áminningar eins og SMS skilaboð og tölvupósta. Ef viðskiptavinur er með Noona appið stillt á öðru tungumáli þá ræður tungumálið í appinu á hvaða tungumáli þau fá áminningarnar.

Hvar? Valmynd - stillingar - upplýsingar - tungumál áminninga.

📝 Hvað er hægt að þýða?

Hægt er að þýða alla texta sem birtast við bókanir í Noona HQ, á Noona markaðstorginu og í samskiptum við viðskiptavini í tölvupósti og SMS-um.

1. **Titla** á þjónustum og upplifunum.
2. **Lýsingar** á þjónustum og upplifunum.
3. **Yfirflokkar** á þjónustum og upplifunum.
4. Titla og lýsingar á **gjafabréfum**.
5. Lýsing á **fyrirtækinu**.
6. **Staðfestingarskilaboð**.
7. Skilaboð sem sendast við **bókunarboð**.
8. Nögn og lýsingar á **svæðum / starfsmönnum**.
9. Lýsingar á starfsmönnum sem birtast í **netbókunum**.
0. Sérstök **SMS áminningarskilaboð**.
1. **Bókunarstaðfesting**.

2. Bókunarspurningar.

? Hvaða tungumál er hægt að þýða á?


Íslensku, ensku, spænsku, frönsku, portúgölsku, tékknesku og rússneska.


? Hvar finn ég þessar stillingar?

Titlar á þjónustum og upplifunum.


Hvar? Valmynd - þjónustur/upplifun - velur viðkomandi þjónustu/upplifun - smellir á hnöttinn.


Upplýsingar Netbeiðnir

Heiti þjónustu Litun & klipping  7

Litur 

Tegund þjónustu ?


Hárlitun 

Heiti þjónustu 

Viðskiptavinir þínir og starfsmenn sjá þær þýðingar sem passa við tungumálastillingarnar þeirra.

Tungumál i boði

English	Coloring & haircut
Íslenska	Litun & klipping
Čeština	Barvení a stříh
Português	Coloração e corte
Français	Coloration et coupe
Español	Coloración y corte
Polski	Okрашивание и стрижка

Hætta við 

Lýsingar á þjónustum og upplifunum

Hvar? Valmynd - þjónustur - velur viðkomandi þjónustu - netbeiðnir - smellir á hnöttinn eða bæta við.

Yfirflokkar á þjónustum og upplifunum

Hvar? Valmynd - þjónustur/upplifun - velur viðkomandi yfirflokk - smellir á hnöttinn.

Titlar og lýsingar á gjafabréfum

Hvar? Valmynd - stillingar - gjafabréf - velur viðkomandi gjafabréf - smellir á hnöttinn eða bæta við.

Lýsing á fyrirtækinu

Þessi texti birtist undir 'um okkur' inn á Noona prófil fyrirtækis.

Hvar? Valmynd - stillingar - netbeiðnir - prófíll - lýsing.

Staðfestingarskilaboð

Þessi skilaboð verða sýnileg á staðfestingarsíðunni eftir bókun og innifalin í staðfestingarpóstinum sem viðskiptavinir þínir fá eftir að bókun þeirra hefur verið staðfest.

Hvar? Valmynd - stillingar - netbeiðnir - öryggi - skrollar niður undir staðfesting - smellir á hnöttinn eða bæta við.

Skilaboð sem sendast við bókunarboð

Hvar? Valmynd - stillingar - netbeiðnir - öryggi - skrollar niður undir staðfesting - smellir á hnöttinn eða bæta við.

Nöfn og lýsingar á svæðum

Hvar? Valmynd - stillingar - svæði - velur viðkomandi svæði - smellir á hnöttinn eða bæta við.

Lýsingar á starfsmönnum sem birtast í netbókunum

Hvar? Valmynd - stillingar - starfsmenn - velur viðkomandi starfsmann - netbeiðnir - smellir á hnöttinn eða bæta við.

Sérsviðin SMS skilaboð

Hvar? Valmynd - áminningar - stofnar áminningu - smellir á hnöttinn eða bæta við.

Bókunarstaðfesting

Staðlaður tölvupóstur sem sendist út þegar tími hefur verið bókaður.

Bókunarspurningar

Hvar? Valmynd - þjónustur - velur viðkomandi þjónustu - netbeiðnir - skrollar niður undir bókunarspurning - smellir á hnöttinn eða bæta við.

Eins og alltaf, ekki hika við að heyra í okkur ef þú ert með einhverjar spurningar, hugmyndir eða vangaveltur? Þú getur sent okkur skilaboð í spjallbútbluna eða á netfangið hq@noona.is.
